

Viðmið í lögfræði
Lagadeild Háskólans í Reykjavík

Ágúst 2007

Viðmið í lögfræði

BA (þrep 1, stig 2)

Við lok bakkalárprófs skal eftirfarandi viðmiðum náð:

Þekking og skilningur

Að námi lokni hefur nemandi öðlast

- þá fræðilegu þekkingu og þekkingu á lögfræðilegri aðferðafræði sem þarf til að leysa úr álítaefnum á þeim réttarsviðum sem grunnnámið varðar.
 - o getu til að leysa úr raunverulegum lögfræðilegum álítaefnum á þeim sviðum sem námið snertir á grundvelli lögfræðilegrar aðferðafræði og tekið tillit til allra réttarheimilda.
- yfirsýn yfir gildandi rétt á helstu sviðum lögfræðinnar og þjálfun í að beita honum.
 - o Þetta gildir bæði um hefðbundnar „kjarnagreinar“ lögfræðinnar og hinar „nýju kjarnagreinar“, svo sem félagarétt, skattarétt, Evrópurétt, samkeppnisrétt, fjármálarétt, þjóðarétt og hugverkarétt.
- nokkuð dýpri skilning á tilteknum sviðum lögfræðinnar á grundvelli vals á námskeiðum.
- skilning á samfélagslegu hlutverki fræðigreinarinnar.
- þekkingu á síðferðilegum forsendum fræðigreinarinnar.
- skilning á tengslum lögfræði við önnur fræðasvið, eftir atvikum á grundvelli valkvæðra námskeiða.

Að námi loknu uppfyllir nemandi skilyrði til að starfa sem lögfræðingur í atvinnulífinu, til að gegna störfum þar sem krafist er háskólaprófs og til að hefja nám á meistarastigi í lögfræði eða öðrum greinum eftir atvikum.

Tegund þekkingar

Sá sem lokið hefur BA prófi

- hefur næga faglega þekkingu til að geta, á þeim sviðum sem námið tengist, leyst úr lögfræðilegum viðfangsefnum með lögfræðilegum aðferðum.
- hefur nægan fræðilegan grunn til að geta beitt lögfræði með þeim hætti sem gerð er krafa um í ML námi.
- hefur breiðan fræðilegan grunn sem endurspeglar lagalegt umhverfi nútímans og hefur skilning á tengslum sviða innan fræðigreinarinnar.
 - o hefur yfirsýn yfir gildandi rétt á helstu sviðum lögfræðinnar og umtalsverða þjálfun í að beita honum. Þetta gildir um hefðbundnar „kjarnagreinar“ lögfræðinnar og hinar „nýju kjarnagreinar“, svo sem félagarétt, skattarétt, evrópurétt, samkeppnisrétt, fjármálarétt, þjóðarétt og hugverkarétt.
 - o hefur tileinkað sér þekkingu á framangreindum sviðum lögfræðinnar með þátttöku í fyrirlestrum, vinnu- og umræðufundum og úrlausn raunhæfra verkefna.
- Þekkir til tengsla íslensks og erlends réttar og alþjóðavæðingar íslensks atvinnulífs og þátttöku íslenskra lögfræðinga í þeirri þróun.

Hagnýt hæfni

Að námi loknu

- getur nemandi greint og leyst úr raunverulegum lögfræðilegum álitaefnum á þeim sviðum sem námið snertir á grundvelli lögfræðilegrar aðferðafræði og tekið tillit til allra réttarheimilda.
- getur nemandi því beitt fræðilegri þekkingu á hagnýt viðfangs- eða álitaefni.
 - o hefur nemandi hlotið þjálfun í úrlausn raunhæfra verkefna sem tengja lögfræðinámið því umhverfi sem bíður að námi loknu.
- veit nemandi hvar á að leita upplýsinga á þessum sviðum og meta gildi þeirra.
- getur nemandi valið með rökstuddum og málefnalegum hætti milli fleiri en einnar tækrar leiðar.
- getur nemandi unnið sjálfstætt, einn eða í hóp.
- getur nemandi unnið markvisst og skipulega.
- getur nemandi aflað sér og endurnýjað þekkingu sína.

Fræðileg hæfni

Að námi loknu

- getur nemandi greint hvaða lögfræðleg álitaefni koma upp í fræðilegu samhengi eða í tilteknum aðstæðum á þessum sviðum og lýst þeim.
- getur nemandi leyst úr þessum álitaefnum á þeim sviðum sem námið snertir með því að beita fræðilegri þekkingu og lögfræðilegri og vísindalegri aðferðafræði.
- hefur nemandi þekkingu á siðfræðilegum forsendum fræðigreinarinnar.
- Þekkir nemandi til samþættingar lögfræðinnar við aðrar háskólagreinar.
- getur nemandi aflað sér staðgóðrar þekkingar á þeim sviðum sem námið snertir
- getur nemandi unnið sjálfstætt, einn eða í hóp.
- getur nemandi unnið markvisst og skipulega.

Hæfni til samskipta, upplýsingalæsi og miðlun

Að námi loknu getur nemandi

- sýnt frumkvæði og hefur hlotið þjálfun í röksemdafærslu og framsögn.
- unnið sjálfstætt, einn eða með öðrum.
 - o leitt vinnu í hóp.
- unnið markvisst og skipulega
- leitað sér upplýsinga á þeim sviðum sem námið tekur til, og metið þær
- kynnt sér ný viðfangsefni á sjálfstæðan hátt
- miðlað þekkingu sinni, greiningu á álitaefnum og niðurstöðum.
- notað rafræna miðla í námi og starfi.

Námshæfni

Sá sem lokið hefur BA prófi

- hefur öðlast þá þekkingu og þjálfun í beitingu lögfræðinnar að hann geti hafið ML nám.
- kann að skipuleggja nám sitt og vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og víðsýni.
- hefur þá yfirsýn yfir sviðið að hann geti valið hvar hann vill dýpka þekkingu sína.
- getur aflað og endurnýjað þekkingu.